

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	14.11.2016
Málalýkill	10.51
Mál nr.	1611137

Til bæjarstjórnar Garðabæjar.

12. nov. 2016.

Nú fer að líða að vetri og allra veðra er von. Gott er, að öll sú rigning sem fallið hefur í haust hefur ekki verið snjór. En hann kemur að líkindum þótt seinna verði.

Eg hef áður skrifað til ykkar um vandræði okkar hér á Móaflötinni. Þegar snjóruðningnum hefur verið rutt af götunni að húsunum sem standa sunnan götunnar og loka þar með fyrir innkeyrslur til þessara húsa, gangstéttina og niðuföllin, sem flest eru sömu megin götunnar. Gangstéttin er mikið notuð af íbúum á Móaflöt 24.

Þegar moksturstækin eru að ryðja snjónum fyrir innkeyrsluna hjá okkur hef ég reynt að ná tali af tækjastjórunum, en þeir gefa aldrei kost á slíku, halda sínu striki og lokað okkur inni.


Ég vona að veturinn verði snjóléttur og ekki verði mikið um að rutt verði fyrir innkeyrslur við götuna sunnanverða. Í allt of mörg ár hef ég þurft að moka okkur út í gegnum samanpressaðan ruðninginn. Nú er svo komið að ég treysti mér ekki lengur til þessara verka.

Ég vænti þess, að nú verði framvegis staðið öðruvísi að þessi eins og í öðrum bæjarfélögum t.d á Selfossi. Þar eru göturnar ruddar og traktors grafa fylgir á eftirr og hreinsar frá innkeyrslunum.

Mér skilst að það sé talið til ágætis að fólk búi sem lengst í eigin húsnæði og sjái sem mest um sig sjálft. Framkvæmd undanfarinna ára á snjómokstri sýnist mér ekki hafa stuðlað að því að gera það auðveldara fyrir eldri borgara að búa sem lengst í eigin húsnæði. Þarna er tækifæri til að bæta sig.

Enn og aftur. Ég vona að í vetur þurfi ég ekki að kvarta frekar vegna þessa. Fáist þetta ekki lagfært er betra að moka alls ekki götuna. Íbúarnir geta þá komist út í götuna og keyrt ofaná snjónum og rennt sér á ísnum.

Með kveðjum,


Kristján Jóhannesson, 230431-3109. Móaflöt 22, Garðabæ.